

Lög

um breytingu á lögum nr. 115 31. desember 1985, um skráningu skipa, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað 4. másl. 1. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Aðeins má skrá til fiskveiða hér á landi skip sem eru í eigu eftirtalinna aðila:

- Íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi.
- Íslenskra lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara, sem eiga lögheimili hér á landi, eða íslenskra lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - Eru undir yfirráðum íslenskra aðila.
 - Eru í eigu erlendra aðila að hámarki 25% sé miðað við hlutfé eða stofnfé. Fari eignarhlutur íslensks lögaðila í öðrum lögaðila, sem er skráður eigandi skips, ekki yfir 5% má eignarhlutur erlendra aðila þó vera allt að 33%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 23. apríl 1997.